

s. á., en af kr. 25.361 frá þeim degi til 1. mars s. á., en af kr. 28.370 frá þeim degi til 1. apríl s. á., en af kr. 31.379 frá þeim degi til 16. maí 1973, en með 10% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 14% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og kr. 25.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 10. mars 1976.

Nr. 218/1974. **Jóhanna F. Karlsdóttir f. h. ófjárráða sonar síns Guðmundar K. Guðnasonar**  
(Guðjón Steingrímsson hrl.)  
gegn  
**Sædýrasafninu í Hafnarfirði og gagnsök**  
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

**D ó m e n d u r :**

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Skaðabótamál. Ábyrgð á dýrum.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Hann krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 462.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 4. september 1972 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann annarrar lægri fjárhæðar að mati Hæstaréttar ásamt vöxtum eins og greint var, en til þrautavara krefst hann staðfestingar héraðsdóms. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál fyrir Hæstarétti, en hann

fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 11. nóvember 1974.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 6. janúar 1975 samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar sér til handa í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt yfirlýsingu umboðsmanns aðaláfrýjanda andaðist Guðni Guðmundsson eftir að málinu var áfrýjað, en hann fór með málið fyrir héraðsdómi vegna málsaðiljans Guðmundar sem lögráðamaður hans. Hefur Jóhanna F. Karlsdóttir, móðir aðaláfrýjanda, tekið við fyrirsvari í málinu fyrir Hæstarétti sem lögráðamaður sonar síns.

Við munnlegan flutning máls fyrir héraðsdómi gerði aðaláfrýjandi þá dómkröfu, að gagnáfrýjandi yrði dæmdur til að greiða 403.333 krónur með 7% ársvöxtum frá 4. september 1972 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Er ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 til, að hann megi hafa uppi hærri kröfur fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi rekur dýragarð þann, sem um er fjallað í málinu. Almennungi er veittur aðgangur að garðinum gegn gjaldi, og eru ekki gerðar kröfur um, að börn séu í fylgd með fullorðnum.

Þegar virt eru atvik að slysi þessu, er ljóst, að öryggisumbúnaður um apabúrið hefur eigi verið fullnægjandi, einkanalega að því leyti, að of stutt bíl var milli búrsins og handriðsins, sem áhorfendur stóðu við, sérstaklega ef gætt er möskva-stærðarinnar í grindinni fyrir apabúrinu. Þessi umbúnaður var ekki fullnægjandi samkvæmt 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 67/1971, og til hans má að nokkru rekja orsök slyssins. Ber því að leggja fébótaábyrgð á gagnáfrýjanda, og leysir það hann ekki undan ábyrgð gagnvart aðaláfrýjanda, þótt greinilegu varúðarmerki væri komið fyrir á búrinu.

Aðaláfrýjandi, sem fæddur er 11. október 1960, hafði séð varúðarmerkið á búri apanna, en skeytti því ekki, heldur teygði sig yfir handriðið í áttina til þeirra. Félagi hans, Björgvin Björnsson, sem er fæddur 17. júlí 1959, skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði, að hann hefði

margsinnis verið búinn að segja aðaláfrýjanda „að vera ekki að teygja sig til apanna, en hann hafi ekki gegnt því“. Þegar þessa er gætt, þykir aðaláfrýjandi hafa hagað sér svo óvarlega í umrætt sinn, að hann verði sjálfur að bera helming tjóns síns, en gagnáfrýjandi bæti honum það að hálfu.

Kröfur sínar hér fyrir dómi hefur aðaláfrýjandi sundurliðað þannig:

1. Ororkubætur . . . . .	kr. 244.500
2. Bætur fyrir þjáningar, lýti og óþægindi . . . —	150.000
3. Kostnaður vegna sérstakrar umönnunar for- eldra . . . . .	— 50.000
4. Kostnaður vegna læknisvottorða, örorku- mats og örorkutjónsreiknings . . . . .	— 17.500

---

Samtals kr. 462.000

Um 1.

Í héraðsdómi eru raktar áætlanir Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings um örorkutjón aðaláfrýjanda vegna slyssins. Þykir tjónið hæfilega metið 150.000 krónur.

Um 2.

Í héraðsdómi er lýst meiðslum aðaláfrýjanda. Verður tjón hans samkvæmt þessum kröfuflið metið 50.000 krónur.

Um 3.

Við það þykir mega miða, að aðaláfrýjandi hafi þurft að fara 13 sinnum á slysavarðstofu vegna meiðsla sinna og hafi orðið af þessu nokkur kostnaður, sem þykir hæfilega áætlaður 10.000 krónur. Að öðru leyti er þessi kröfufliður ekki nægilega rökstuddur.

Um 4.

Rétt er að telja þennan kröfuflið með málskostnaði.

Samkvæmt þessu telst tjón aðaláfrýjanda 210.000 krónur. Ber gagnáfrýjanda að bæta helming þess, eða 105.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 4. september 1972 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma gagnáfrýjanda til

að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði, sem ákveðst 50.000 krónur.

Þá ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 50.000 krónur, er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda, 35.000 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Gagnáfrýjandi, Sædýrasafnið í Hafnarfirði, greiði aðaláfrýjanda, Jóhönnu F. Karlsdóttur f. h. Guðmundar K. Guðnasonar, 105.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 4. september 1972 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 50.000 krónur í málskostnað í héraði.

Gagnáfrýjandi greiði 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 7. júní 1974.**

Mál þetta, sem var dómtekið 7. júní 1974, hefur Guðni Guðmundsson, Móabarði 20 B, Hafnarfirði, höfðað fyrir hönd ólög-ráða sonar síns, Guðmundar K. Guðnasonar, sama stað, á hendur Sædýrasafninu í Hafnarfirði til greiðslu skaðabóta vegna slyss.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 403.333 auk 7% ársvaxta frá 4. september 1972 til 16. maí 1973, en 9% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Til vara krefst hann annarrar lægri fjárhæðar að mati dómsins.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Aðild.

Jón Kr. Gunnarsson, forstöðumaður Sædýrasafsins, hefur komið fyrir dóminn og gert þá grein fyrir stefnda, að það sé sjálfseignarstofnun, skráð þannig og tilkynnt viðkomandi ráðuneyti. Hann segir samnefndan félagsskap standa að rekstri safnsins, kjósa stjórn og trúnaðarmannaráð og ráða framkvæmdastjóra.

Sakargögn.

Helstu gögn málsins eru: Lögregluskýrslur, dags. 13. og 14. september 1972, um yfirheyrslur yfir slasaða, Guðmundi Karli Guðnasyni og Björgvini Björgvinssyni; ljósmyndir af vettvangi, teknar af Eðvari Ólafssyni rannsóknarlögreglumanni; skýrsla Jóns Kr. Gunnarssonar fyrir dómnum 4. mars 1974; áverkavottorð Tryggva Þorsteinssonar lækni, dags. 24. mars 1973; örorkumat Jónasar Hallgrímssonar lækni, dags. 5. apríl 1973; örorkutjónsútreikningur og endurútreikningur Þóris Bergssonar, cand. act., dags. 10. apríl 1973 og 1. mars 1974.

Umboðsmenn aðilja hafa lýst því fyrir dómara, að þeir telji óþarft að leiða slasaða og vitni fyrir dóm, og óskað eftir, að málið verði dæmt á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir hendi eru. Þar sem alllangt var um liðið frá slysinu, þegar málið komst á gagnaðflunarstig, og sóknaraðili og vitni á unglingsaldri, taldi dómari ekki efni til að hlutast til um ex officio, að þeir kæmu fyrir dóminn.

Málsatvik.

Málavextir eru þeir í meginatriðum, að þann 4. september 1972 var Guðmundur K. Guðnason, þá 11 ára gamall, í Sædýrasafninu í Hafnarfirði ásamt þrem yngri systkinum sínum og öðrum dreng. Í Sædýrasafninu voru tveir simpansiapar til sýnis, og voru börnin að skoða apana, þegar annar þeirra teygði sig út úr búrinu, þreif í handlegg Guðmundar um úlnlið, kippti honum að búrinu, dró handlegginn inn í búrið og beit framan af baugfingri vinstri handar.

Aðstæður.

Dómari hefur tvívegis gengið á vettvang og athugað aðstæður. Apabúrið er í húsi, sem ætlað er fyrir villidýr frá heitum löndum. Skiptist húsið í tvennt eftir endilöngu, öðrum megin er áhorfendasvæði, en hinum megin eru búr villidýranna. Loftið í búrunum er úr timbri, en gólf og veggir úr steinsteypu. Í þeirri hlið, sem snýr að áhorfendasvæðinu, er stálgrind, sem nær nærri

frá gólfi til lofts, en milliveggur þessi er að öðru leyti úr steinsteypu. Í stálgrindinni er net úr teinum, sem soðnir eru saman á samskeytum og mynda réttthyrnda möskva um  $5.7 \times 16.0$  cm að stærð. Var handrið fyrir framan apabúrið í um 1.05 m fjarlægð frá búrinu. Er þetta grind með fjórum slám, 91 cm að hæð. Á grindinni fyrir apabúrinu voru tvö skilti, og stóð á þeim með stóru lettri: VARÚÐ — STRANGLEGA BANNAÐ AÐ TEYGJA SIG YFIR HANDRIÐIÐ — DÝRIN BÍTA — og FÓÐRUN STRANGLEGA BÖNNUÐ. Enn fremur var skilti með sama texta og fyrrnefnda skiltið á vegghlutanum fyrir ofan búrgrindina við hlið apabúrsins, en þar er hólf, sem hægt er að hafa apana í, þegar ganga þarf um aðalbúrið.

Jón Kr. Gunnarsson skýrir svo frá, að hann hafi farið utan ásamt héraðsdýralækninum, til Svíþjóðar og Danmerkur, og kynnt sér þar aðbúnað í Kálmárdensdyrpark og í Dýragarði Kaupmannahafnar. Hann segir, að búrið hafi verið miðað við það í byrjun að hafa í því tígrisdýr, en síðar önnur dýr, svo sem apa.

Eftir slysið hefur grindverkið verið fjarlæggt og sett stálgrind með  $13 \times 24$  cm möskvum, þar sem handriðið var áður. Í 52 cm fjarlægð frá þeirri grind hefur handriðinu verið komið fyrir.

Slysið.

Guðmundur Karl hefur skýrt svo frá slysinu fyrir lögreglu: „Mætti kveðst í umrætt sinn hafa verið í Sædýrasafninu ásamt þrem systkinum sínum, þeim: Lofti 10 ára, Sólveigu 8 ára og Sigríði 3 ára og svo strák, sem heitir Björgvin Björgvinsson, sem á heima á Bröttukinn í Hafnarfirði. Hann segir, að þau hafi verið búin að vera góða stund hjá öpunum og hafi þau staðið utan við grindverkið og þau verið að reyna að fá apana til þess að leika listir. Mætti segir, að sér hafi tekist að láta apana stökkva heljarstökk. Hann segir, að karlapinn hafi verið með bananahýði og hafi hann notað það til þess að sópa að sér poppkorni, sem var á gólfinu fyrir utan búrið, og kveðst mætti hafa fundið bananahýði þarna á staðnum og hafi hann kastað því að búrinu, þar sem hinn apinn var, og ætlast til þess, að hann myndi gera það sama og hinn. Hann segir, að apinn hafi ekki hreyft við hýðinu, en þá hafi mætti ætlað að reyna að fá apann til þess að fara að leika sér í bíladekkjum, sem héngu í búrinu, og kveðst mætti hafa bent á dekkið og ætlast til að apinn færi að því. Mætti kveðst, þegar hann benti, hafa farið með vinstri höndina aðeins inn fyrir handriðið, sem hann stóð við, en þá hafi apinn teygt sig út úr búrinu, þrifið í handlegginn á sér um úlnið og kippt sér að búr-

inu. Mætti kveðst hafa verið óviðbúinn þessu og hafi hann strax misst jafnvægið og farið yfir handriðið og alveg að búrinu. Hann segir, að apinn hafi tekið handlegginn á sér inn í búrið, en mætti kveðst hafa spyrnt í sökkul búrsins og togast á við apann og þá hafi hann skyndilega glefsað í sig með munninum, en um leið hafi mætti losnað. Hann kveðst ekkert hafa fundið til og kveðst hafa farið út fyrir handriðið og þá séð, að það vantaði hluta framan á baugfingur vinstri handar. Aðspurður kveðst mætti hafa verið búinn að sjá skilti, sem voru á búri apanna, sem bentu á, að dýrin væru hættuleg, en hann kveðst hafa álitnið sig hafa farið eftir settum reglum þarna á staðnum, þar sem hann hafi ekki farið með höndina lengra yfir handriðið en ca 20—30 cm, þegar apinn greip í hann“.

Í skýrslu lögreglunnar segir svo um framburð vitnanna Björgvins Björgvinssonar og Georgs Hjartar Howsers:

„Fimmtudaginn 14/9 1972 kl. 17.15 er mættur hjá rannsóknar-lögreglunni í Hafnarfirði Björgvin Björgvinsson, f. 17/7 1959 í Hf., til heimilis að Bröttukinn 21, Hf. Honum er kunnugt um til-efni skýrslutökunnar og skýrir svo frá, áminntur um að segja satt og rétt frá.

Mættur segist hafa staðið við hliðina á Guðmundi Guðnasyni í umrætt sinn, er þeir voru í Sædýrasafninu.

Segir hann, að Guðmundur hafi tekið bananahýði, sem lá á gólfinu, og teygt sig með það eins langt og hann náði í átt að grindunum, sem eru fyrir búri apanna.

Þá hafi apynjan teygt sig út á milli rimlanna og gripið í handlegg Guðmundar fyrir ofan olnboga og togað hann til sín, en Guðmundur streittist á móti.

Segist mættur og hafa tekið í handlegg Guðmundar og hjálpað til að toga á móti. Svo hafi apynjan sleppt, en um leið bitið í fingur Guðmundar og framan af einum. Aðspurður segir mættur, að enginn gæslumaður hafi verið þarna nálægur, en eftir að þetta hafi skeð, hafi þeir félagar hlaupið út í sjoppuna og þaðan hafi verið hringt í lögregluna.

Segist mættur hafa margsinnis verið búinn að segja Guðmundi að vera ekki að teygja sig til apanna, en hann hafi ekki gegnt því. Þeir hafi verið búnir að taka eftir aðvörunarskiltunum framan við búrið.

Upplesið, staðfest.

Björgvin Björgvinsson.

Skýrsla Björgvins hefur nú verið lesin fyrir Georg Hirti

Howser, Stekkjarkinn 3, Hf., sem einnig var staddur í Sædýrasafninu í umrætt sinn, og segir hann skýrslu Björgvins rétta.

Georg Hjörtur Howser“.

Stefnandi kveður slysið hafa átt sér stað þannig í stefnu, að Guðmundur Karl hafi teygt vinstri höndina aðeins inn fyrir handriðið, en annar apinn þá teygt sig út úr búrinu, þrifið um handlegg hans um úlnið og kippt honum að búrinu, dregið handlegginn inn í búrið og bitið framan af baugfingri vinstri handar.

Jón Kr. Gunnarsson telur, að 5—6 drengir hafi verið við búrið, þegar slysið varð, en enginn gæslumaður.

Hættueiginleikar apanna og fyrri reynsla.

Í lögregluskýrslu, sem lögð hefur verið fram í málinu, segir, að Karl Kristinsson, fæddur 4. apríl 1961, starfsmaður safnsins, hafi orðið fyrir því slysi 12. ágúst 1972, að annar apinn hafi bitið í vinstri hönd, þegar hann var að stugga börnum frá apabúrinu, sem höfðu verið komin inn fyrir grindverkið. Eftir því sem segir í skýrslunni, virtust bæði fullorðnir og börn virða að vettugi aðvaranir á skiltum.

Samkvæmt áverkavottorði Tryggva Þorsteinssonar var vitað af fyrri reynslu á slysadeildinni, að mjög illkynja ígerðir fylgdu apabítum frá Sædýrasafninu. Aparnir eru taldir fæddir árið 1965 í Siena Leone. Jón Kr. Gunnarsson kveður þá hafa komið í Sædýrasafnið í ágúst 1972. Hann segir, að þeir séu nú átta ára gamlir og teljist þannig ungir, en fullvaxnir. Hann telur, að aldur þeirra samsvari tuttugu ára aldri manns. Hann kveður þá hafa komið frá dýragarðinum í Álaborg og segir, að þeir hafi verið veiddir á fyrsta ári. Að gefnu tilefni frá lögmanni stefnda kvað forstöðumaðurinn apana ekki vera áreitna, en sagði, að þetta væru sterk dýr og ef þeir yrðu hræddir eða ef þeim væri ógnað eða strítt, væru þeir mjög hættulegir. Hann kvað hafa orðið þrjú minni háttar óhöpp af völdum apanna hjá starfsmönnum vegna óhjálkvæmilegrar umönnunar og gæslu, án þess að viðkomandi starfsmenn hefðu forfallast frá vinnu. Hann kveður apana bregðast við eins og heimsk börn og telur, að þegar Karl Kristinsson varð fyrir slysi af þeirra völdum, hafi aparnir skilið, að verið var að koma í veg fyrir, að börnin fóðruðu þá, og verið að hefna sín fyrir það. Jón kveður einnig hafa komið fyrir, að api hafi rispað Kristin á hendi, þegar hann var að vinna inni í búrinu. Jón kveður rétt, að fólk hafi ekki viljað hlýða því að halda sig fyrir utan grindur og brotið bann gegn fóðrun dýranna, þrátt fyrir

skiltin. Þess vegna kveður hann Karl hafa verið hafðan til gæslu. Jón tekur fram, að ekki sé bein hættu á ferðum, þótt farið sé inn fyrir grindurnar, nema ef aparnir verða hræddir eða ef þeim er strítt. Hann kveður gæslumann frekar vera hafðan til þess að forða því, að aparnir verði veikir af offóðrun. Hann kveðst álíta, að engin yfirvofandi hættu stafi af öpunum, nema til komi sérstakar aðstæður, og þess vegna kveður hann ekki vera hafðan gæslumann við búrið vegna hættu af öpunum. Að gefnu tilefni kvaðst Jón telja áhöld um, hvor væru hættulegri tígrisdýr eða apar, en tók fram, að tígrisdýrin væru heimskari.

Afleiðingar slyssins.

Guðmundur Karl segir, að sér hafi brugið mikið, þegar hann sá, hvernig apinn hafði leikið hann. Hann var fluttur á slysa-varðstofuna, og þar var gert að sárum hans.

Tryggvi Þorsteinsson læknir lýsir áverkum svo í vottorði sínu: „Rannsókn: Tekið hafði framan af fingrinum um miðja kjúku. Lófamegin voru allangir húðflípar, en handarbaksmegin var beinið bert, og stóðu lausar flísar út úr sárinu. Af fyrri reynslu okkar hér á slyshadeildinni var vitað, að mjög illkynja ígerðir fylgdu þessum apabitum frá Sædýrasafninu í Hafnarfirði. Sárbarmar voru því skornir hreinir og klipptar burtu lausar beinflísar, og því næst var húðin saumuð yfir stúfynn. Var gefið tetanus toxoid og pilturinn settur á kröftuga antibiotica meðferð.

Engu að síður fékk pilturinn heiftarlega sýkingu í fingurstúfynn og alla höndina, með háum hita, sogæðabólgu og illa lyktandi graftarútferð. Kom hann til eftirlits á Slyshadeildina í 13 skipti. Þann 26/9 var sárið orðið sæmilega hreint, en nauðsynlegt að flytja húð yfir fingurstúfynn. Það var ekki fyrr en 16/10 1972, að bólgan var horfin úr fingrinum og sárið nokkurn veginn vel gróið.

Fingurinn hefur styst tilfinnanlega og hefur aðeins hálfu upprunalega lengd. Er um að ræða nærkjúku, sem hefur nokkurn veginn eðlilega húð og basis á miðkjúku, tæpan centimeter að lengd, en yfir fingurstúfnum sjálfum eru ör, nokkuð viðkvæm, og fremur þunn húð. Hreyfing má kallast eðlileg í basal lið fingursins. Í nærkjúkuliðnum er einnig lítilsháttar hreyfing, en fremur gagnslítill, og er viðbúið, að réttung í þessum lið verði afllítill.

Vottorð þetta er skrifað að beiðni Guðjóns Steingrímssonar hrl., og er stuðst við upplýsingar í sjúkraskrá Slyshadeildar Ssp.“.

Aðalefni örorkumatsgerðar Jónasar Hallgrímssonar læknis er á þessa leið: „Guðmundur kom til undirritaðs í fylgd með móður

sinni þ. 14/2 1973. Sagðist hann vera réttthentur. Hann lá í hálfan mánuð heima hjá sér eftir slysið og missti 1 mánuð úr skóla. Fingurinn var vel gróinn um jólaleytið. Hann getur allt í leikfimi. Fingurinn kólnar oft og gripið finnst honum vera eitthvað óvísst. Fingurnir vilja víxlást. Hann hafði hugsað sér að læra á píanó eða gítar, en varð að hætta við það. Er nú að læra á trompet.

Við skoðun sést, að á baugfingur vinstri handar vantar yzta köggul og  $\frac{3}{4}$  af miðköggli. Dálítill hreyfing er í liðamótum miðköggulstúfsins og full hreyfing í efsta köggulslíðamótum. Þykk ör og óslétt eru á stúfnum. Ör eru uppeftir efsta köggli í greipinni milli löngutangar og baugfingurs. Húðflutningur hefur verið gerður af ofanverðum v. framhandlegg, volart.

Niðurstaða: Guðmundur hefur hlotið tímabundna og varanlega örorku af slysinu.

Telst hún sem hér segir: Frá slysinu í 2 vikur ..	100%
Síðan í 6 vikur . . . . .	50%
Síðan í 4 vikur . . . . .	25%
Loks varanleg örorka ..	3%

(Þrjú prósent)“.

Í fyrri örorkutjónsútreikningi Þóris Bergssonar segir svo meðal annars:

„Aldur.

Guðmundur er sagður fæddur 11. október 1960 og hefur því verið 11 ára á slysdegi.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Þar sem Guðmundur var barn að aldri, þegar slysið varð og er enn, er engin leið að spá með neinum nothæfum líkum um starfsferil hans á fullorðinsárum. Verður því farið venjuleg leið og gert ráð fyrir líkamlegri vinnu frá lokum skyldunáms.

Áætlun vinnutekna verður tvískipt.

Áætlun I.

Á 15. og 16. aldursári er gert ráð fyrir 15 vikna sumarvinnu á unglingataxta Dagsbrúnar og einungis reiknað með dagvinnu. Á 22. aldursári er reiknað með fullri dagvinnu á 2. taxta Dagsbrúnar. Á 17. aldursári eru notuð 75% af þeim tekjum og þær síðan hækkaðar um 5% árlega, þar til fullum dagvinnutekjum er náð á 22. aldursári. Tekið er tillit til orlofs og starfsaldurshækkana við þessa áætlun. Frá 25 ára aldri, sem er ívið hærri en

meðalaldur áður ókvænta brúðguma hér á landi, nota ég úrtaks-  
tölur Efnahagsstofnunarinnar (nú Framkvæmdastofnunarinnar)  
yfir vinnutekjur kvænta verkamanna, iðnaðarmanna og sjó-  
manna, umreiknaðar til kauplags nú. Hækkuninni frá 22 ára aldri  
til 25 ára aldurs er skipt jafnt á árin þar á milli“.

Þessi vinnutekjuáætlun er síðan sýnd í töflu ásamt 3% vinnu-  
tekjutapi. Síðan er í töflu 2 sams konar áætlun að öðru en því,  
að reiknað er með 10 eftirvinnutímum á viku að auki til 22 ára  
aldurs. Gert er ráð fyrir, að eftirvinna sé unnið sem svarar 46  
vikum á ári.

Niðurstöður útreikningsins um verðmæti vinnutekjutaps eru  
samkvæmt áætlun I kr. 161.139 og samkvæmt áætlun II kr.  
174.590. Tekið er fram, að ekki sé tekið tillit til skattfrelsis bóta.  
Um reikningsgrundvöllinn segir, að notaðir séu 7% ársvextir,  
dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu árána 1951 til  
1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt  
sænskri reynslu.

Síðari matsgerð Þóris Bergssonar frá 1. mars 1974 var lögð  
fram á bæjarþinginu 2. maí 1974, og var þá samþykkt, að stefn-  
andi kæmi að hækkun á kröfu sinni samkvæmt matsgerðinni.

Efni matsgerðarinnar er sem hér segir:

„Ég reiknaði út örorkutjón Guðmundar með útreikningi, dag-  
settum 10. apríl 1973. Síðan hafa orðið miklar hækkanir á launa-  
töxtum verkamanna og iðnaðarmanna, einnig liggja nú fyrir  
nýrri úrtakstölur yfir laun kvænta manna í þessum stéttum svo  
og sjómanna. Fiskverð hefur auk þess hækkað mjög. Í þessum  
útreikningi mun ég taka tillit til alls þessa og auk þess þeirra  
umsaminnna launahækkana verkamanna og iðnaðarmanna, sem  
koma til framkvæmda 1. des. 1974 og 1. júní 1975. Á hinn veginn  
verkar, að almennir bankavextir hækkuðu úr 7% p. a. í 9% 16.  
maí 1973, og mun ég við útreikning nú nota 7% vexti frá slysdegi  
til 16. maí 1973, en síðan 9%.

Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap verður:

Áætlun I.	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
Á 15. aldursári . . . . .	kr. 85.680	kr. 2.570
- 16. — . . . . .	— 103.965	— 3.119
- 17. — . . . . .	— 304.044	— 9.121
- 18. — . . . . .	— 324.314	— 9.729
- 19. — . . . . .	— 344.583	— 10.337

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
Á 20. aldursári . . . . .	kr. 364.853	kr. 10.946
- 21. — . . . . .	— 385.122	— 11.554
- 22. — . . . . .	— 405.392	— 12.162
- 23. — . . . . .	— 538.960	— 16.169
- 24. — . . . . .	— 672.528	— 20.176
- 25. — . . . . .	— 806.096	— 24.182
Síðan árlega . . . . .	— 939.664	— 28.190

### Áætlun II.

Á 15. aldursári . . . . .	kr. 114.427	kr. 3.433
- 16. — . . . . .	— 136.847	— 4.165
- 17. — . . . . .	— 406.057	— 12.182
- 18. — . . . . .	— 433.128	— 12.994
- 19. — . . . . .	— 460.198	— 13.806
- 20. — . . . . .	— 487.269	— 14.618
- 21. — . . . . .	— 514.338	— 15.430
- 22. — . . . . .	— 541.410	— 16.242
- 23. — . . . . .	— 640.974	— 19.229
- 24. — . . . . .	— 740.537	— 22.216
- 25. — . . . . .	— 840.100	— 25.203
Síðan árlega . . . . .	— 939.664	— 28.190

Verðmæti vinnutekjutaps á slysdegi reiknast mér nema:

Samkvæmt áætlun I . . . . .	kr. 169.450
Samkvæmt áætlun II . . . . .	— 185.833

Um forsendur og aðgerðir vísast að öðru leyti til fyrri útreiknings“.

Bótakrafa stefnanda sundurliðast þannig:

1. Örorkubætur . . . . . kr. 185.833
2. Þjáningabætur, bætur fyrir lýti og óþægindi . . — 150.000
3. Bætur til foreldra fyrir umönnun og sérstaka fyrirhöfn . . . . . — 50.000
4. Læknisvottorð, örorkumat og örorkuútreikningar — 17.500

---

Alls kr. 403.333

Málsástæður og lagarök.

Höfuðmálsástæða stefnanda er, að stefnda beri að bæta tjónið vegna þess, að öryggisútbúnaði við apabúrið hafi verið stórlega áfátt, og vegna þess, að engin gæsla hafi verið höfð við búrið. Enn fremur hefur því verið haldið fram af hálfu stefnanda, að reglur um hlutlæga ábyrgð eiganda á dýrum leiði til þess, að öll ábyrgð á slysinu verði lögð á stefnda. Er því haldið fram, að þessa meginreglu megi leiða að 31. gr. laga nr. 42/1969, 13. og 33. gr. búfjáræktarlaga nr. 31/1973 og 10. gr. laga nr. 32/1951, sem þó hafi verið felld úr gildi með lögum nr. 68/1969.

Lögmaður stefnanda telur, að aparnir séu stórhættulegir, og telur, að fyrri slys hefðu átt að veita stefnda sérstakt tilefni til að bæta öryggið. Þá telur lögmaðurinn, að ábyrgð stefnda sé ríkari fyrir það, að hann hafði dýrið til sýnis gegn gjaldi.

Því hefur einnig verið hreyft í málflutningi, að reglur um hlutlæga ábyrgð á hættulegum atvinnurekstri komi til greina um rekstur Sædýrasafnsins.

Loks hefur af hálfu stefnanda verið vitnað til 1. mgr. 12. gr. reglugerðar um dýragarða og sýningar á dýrum nr. 67/1971.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ósannað sé, að drengurinn hafi hagað sér öðruvísi en fólk gerir yfirleitt í dýragörðum. Auk þess er því haldið fram, að jafnvel þótt dómurinn geti ekki fallist á skoðun stefnanda um hlutlæga ábyrgð, beri að leggja alla sönnunarbirgðina á stefnda í málinu.

Af stefnda hálfu er á því byggt, að hann beri enga fébótaábyrgð á slysinu. Í fyrsta lagi er því haldið fram, að öryggisbúnaði hafi í engu verið áfátt, þar sem aparnir hafi verið í rammgerðu búri, handrið í nokkurri fjarlægð frá búrinu og auk þess mjög áberandi aðvörunarskilti. Enn fremur er því vísað á bug, að nokkrum gæsluskorti hafi verið til að dreifa, ekki hafi þurft sérstakan gæslumann við apabúrið til að hafa vit fyrir gestum um að rækja varúðarskyldur, sem þeim voru rækilega kynntar. Í annan stað er því haldið fram, að svo fjárvana stofnun sem Sædýrasafninu sé álgerlega um megn að kosta til svo umfangsmikillar varðgæslu. Því er haldið fram, að viðbótaröryggisbúnaður mundi torvelda, að menn fengju skoðað dýrin og atferli þeirra á fullnægjandi hátt. Lögmaður stefnda telur, að á þessu verði að vera eðlilegt meðalhóf, og það hafi umbjóðanda hans einmitt tekist. Hann heldur því fram, að frágangi apabúrsins hafi síður en svo verið verr farið en venjulegt sé í dýragörðum erlendis. Í annan stað er því mótmælt, að reglur skaðabótaréttar um hlutlæga skaða-

bótaábyrgð geti leitt til fébótaábyrgðar stefnda. Lögmaður stefnda telur, að til svo víðtækrar ábyrgðar og afbrigðilegrar þurfi laga-setningar við, en slíkrar lagasetningar kveður hann ekki njóta við í íslenskum rétti. Hann játar því, að rétt megi vera, að eðlilegt geti verið, að hlutlæg bótaábyrgð hvíli á eigendum dýra við vissar aðstæður, en hann telur þó, að til slíkrar ábyrgðar geti ekki komið, nema um sé að ræða dýr, sem ganga laus. Hann telur meginmun vera á dýri í dýragarði og dýri, sem fer meira eða minna frjálst ferða sinna, þar sem hverjum meðalmanni sé í sjálfsvald sett með lágmarksaðgát að varast hættueiginleika dýrsins í dýragarðinum, en hagsmunir hans geti með ýmsu móti skaðast í síðara tilvikinu, án þess að hann fái við það ráðið. Hann segir engin dæmi þess, að dýr gangi laus í safninu, öryggisgæsla sé því ekki háð neinum óvissum eða óvæntum atvikum eða viðbrögðum tengdum dýrunum. Árásarhneigð dýranna eða hættuleg viðbrögð kveður hann fjötruð, þannig að þau verði ekki leyst úr læðingi nema í vissum tilvikum, og þá eingöngu fyrir tilverknað gestanna sjálfra og aðeins fyrir þá sök, að settar reglur séu virtar að vettugi og eðlileg aðgæsla vanrækt. Hann kveður hættuna ekki hafa leyst úr læðingi, fyrr en drengurinn teygði sig yfir handriðið. Hann telur það og skipta verulegu máli í þessu sambandi, að apinn sé ekki almennt hættulegur umhverfi sínu og að Sædýrasafnið sé menningarstofnun, vísir að dýragarði, en ekki fjágróðastofnun.

Í þriðja lagi telur lögmaður stefnda, að hvað sem líði skilyrðum fyrir skaðabótaábyrgð umbjóðanda hans, geti sú ábyrgð ekki orðið virk þegar af þeirri ástæðu, að drengurinn hafi sýnt af sér svo stórkostlega ógætni, að byggja mundi út öllum bótarétti, en hann hafi brotið gegn settum umgengnisreglum og virt að vettugi aðvörum, sem blasti við augum. Hann telur dreng á aldri stefnanda í þessu tilliti vera fullábyrgan gerða sinna.

Varðandi fjárhæð tjónsins hefur stefnandi m. a. gert grein fyrir kröfum sínum eins og hér segir: Varðandi 2. tl. bendir lögmaður stefnanda á, að hann hafi lengi verið mikið veikur eftir slysið og sárið hafst illa við og að hann hafi orðið að hætta við að læra á píanó eða gítar. Varðandi 3. tl. heldur lögmaður stefnanda því fram, að foreldrar drengsins hafi haft þungar áhyggjur vegna meiðsla drengsins og mikla fyrirhöfn. Enn fremur að þeir hafi þurft að aka með hann 13 sinnum á slysavarðstofuna og annast hann í legu hans.

Af stefnda hálfu er því haldið fram, að þegar um sé að ræða

barn með einungis 3% örorku, sé fullvíst, að örorkumat hafi nánast ekkert raunhæft gildi. Auðvelt sé að haga starfsvali með til-liti til afleiðinga meiðslanna á þann veg, að þeirra gæti ekki að neinu leyti. Lögmaður stefnda telur, að drengurinn sé engan veginn útilokaður frá tónlistarnámi, enda hafi hann einfaldlega valið sér annað hljóðfæri til að læra á. Hann telur, að örorku-matið sé fráleitur mælikvarði á fjárhagslegt tjón, eins og hér stendur á. Bætur skv. 2. lið telur lögmaðurinn ekki geta orðið nema brot þeirrar fjárhæðar, sem krafist er, þótt viðurkennt sé, að stefnandi eigi rétt á bótum fyrir þjáningar og lýti. Lögmaður-inn telur ekki grundvöll til að taka 3. tl. til greina með hliðsjón af aldri drengsins og meiðslunum. Til vara er þessum kröfulið mót-mælt sem allt of háum. 4. tl. er ekki vefengdur tölulega.

#### Álit dómsins.

EKKI hefur tekist að fá nákvæmar upplýsingar um handleggja-lengd apans, en af lauslegri skoðun má ætla, að þeir séu ekki lengri en á hálfvöxnum manni, vart lengri en 60—70 cm. Virðist því sú frásögn sóknaraðilja, að hann hafi farið með höndina „að-eins inn fyrir handriðið“ ekki allskostar sannfærandi. Skýrsla vitnisins Björgvins Björgvinssonar fyrir lögreglu virðist hafa takmarkað sönnunargildi, bæði vegna ungs aldurs vitnisins og vegna þess að hún hefur ekki verið staðfest fyrir dómi. Vitnið virðist hafa verið félagi sóknaraðilja, og ekki verður séð, að hann hafi haft ástæðu til að bera sóknaraðilja í óhag. Þegar haft er í huga, að apinn gat ekki teygt sig nema takmarkað út úr búrinu, verður að telja sennilegra, að slysið hafi orðið með þeim hætti, sem segir í skýrslu vitnisins, en hvað sem því líður, virðist ljóst, að sóknaraðili hefur teygt sig of langt inn fyrir handriðið. Enn fremur virðist ljóst af gögnunum, að sóknaraðili hefur viðhaft látæði, sem var fallið til að koma apanum í geðshræringu.

Drengurinn var á þeim aldri, að þess mátti vænta, að hann gerði sér grein fyrir hættunni, enda hefur hann játað að hafa lesið áletranirnar á skiltunum.

Það er álit dómsins, að ef drengurinn hefði farið að eins og ætlast mátti til af honum og ekki brotið gegn brýnu banni við að teygja sig yfir grindurnar, hefði honum engin hættu stafað af apanum. Verður þannig meginorsök slyssins rakin til ógætilegrar hegðunar sóknaraðilja sjálfs.

1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 67/1971 hljóðar svo: „Þar sem hættuleg dýr eru sýnd, skal svo um búíð, að áhorfendur geti með engu móti farið sér að voða við dýrin. Athygli áhorfenda skal með

áberandi merkjum beint að hættum, sem af dýrunum kunna að stafa“.

Stefndi hefur fylgt fyrirmælum 2. ml. Ljóst er, að forráðamenn stefnda gerðu sér ljóst, að hætta var á, að dýrin bitu, og að bæði börn og fullorðnir hegðuðu sér þannig við búrið, að stórhætta gat verið á slysum. Eigi að síður sáu þeir ekki um, að nægileg gæsla væri við búrið, og engar ráðstafanir gerðu þeir til að bæta öryggisbúnað fyrr en eftir slysið. Forráðamenn stefnda bera þannig einnig nokkra sök á slysinu. Eftir atvikum þykir hæfilegt, að stefndi bæti stefnanda tjón hans að einum þriðja hluta, en að stefnandi beri tjón sitt sjálfur að tveimur þriðju hlutum.

Með tilliti til þess, að örorkutjónsútreikningurinn er mjög óviss spá um skerðingu vinnutekna sóknaraðilja í fjarlægri framtíð og að örorka hans er metin svo óveruleg, að óvíst er, að hann muni í raun og veru hafa nokkuð minni tekjur en við var að búast, þykir fara best á að ákvarða fjártjón og miska í einu lagi. Krafa stefnanda samkvæmt 3. tl. virðist ekki studd nægum rökum, en þó þykir mega taka nokkurt tillit til sjónarmiða, sem fram koma í þessum lið, við mat á tjóninu í heild. Kostnaður í 4. tl. reiknast með málskostnaði.

Heildartjón stefnanda þykir mega áætla kr. 225.000. Þar af ber stefnda að greiða stefnanda kr. 75.000 og kr. 36.000 í málskostnað.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Lögmaður stefnanda var Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður. Lögmaður stefnda var Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður. Finnur Torfi Stefánsson, cand. juris, flutti málið fyrir stefnanda sem prófmál í prófraun héraðsdómslögmannna og Benedikt Sigurðsson, cand. juris, fyrir stefnda. Málið var tekið upp og endurflutt af lögmannunum 7. júní 1974.

#### Dómsorð:

Stefndi, Sædýrasafnið í Hafnarfirði, greiði stefnanda, Guðna Guðmundssyni f. h. ólögráða sonar hans, Guðmundar K. Guðnasonar, kr. 75.000 auk 7% ársvaxta frá 4. september 1972 til 16. maí 1973 og 9% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og kr. 36.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.